

70

30. júní


## REGLUGERÐ

### um fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Fiskveiðilandhelgi Íslands skal afmörkuð 12 sjómílum utan við grunnlínu, sem dregin er milli eftirtalinna staða:

1. Horn	66°27'4	n.br.,	22°24'5	v.lg.
2. Írabóði	66°19'8	—	22°06'5	—
3. Drangasker	66°14'3	—	21°48'6	—
4. Selsker	66°07'5	—	21°31'2	—
5. Ásbúðaríf	66°08'1	—	20°11'2	—
6. Siglunes	66°11'9	—	18°50'1	—
7. Flatey	66°10'3	—	17°50'5	—
8. Lágey	66°17'8	—	17°07'0	—
9. Rauðinúpur	66°30'7	—	16°32'5	—
10. Rifstangi	66°32'3	—	16°11'9	—
11. Hraunhafnartangi	66°32'3	—	16°01'6	—
12. Langanes	66°22'6	—	14°32'0	—
13. Skálatóarsker	65°59'7	—	14°37'5	—
14. Bjarnarey	65°47'1	—	14°18'3	—
15. Almenningsfles	65°33'1	—	13°40'6	—
16. Glettinganes	65°30'6	—	13°36'4	—
17. Norðfjarðarhorn	65°10'0	—	13°31'0	—
18. Gerpir	65°04'7	—	13°29'8	—
19. Hólmur	64°58'9	—	13°30'7	—
20. Setusker	64°57'7	—	13°31'6	—
21. Pursasker	64°54'1	—	13°36'9	—
22. Yztiboði	64°35'2	—	14°01'6	—
23. Selsker	64°32'8	—	14°07'1	—
24. Hvitingar	64°23'8	—	14°28'1	—
25. Stokksnes	64°14'1	—	14°58'5	—
26. Hrollaugseyjar	64°01'7	—	15°58'8	—
27. Tvísker	63°55'6	—	16°11'4	—
28. Ingólfshöfði	63°47'8	—	16°38'6	—
29. Hvalsíki	63°44'1	—	17°33'7	—
30. Meðallandssandur I	63°32'4	—	17°56'0	—
31. Meðallandssandur II	63°30'6	—	18°00'0	—
32. Mýrnatangi	63°27'4	—	18°12'0	—
33. Kötlutangi	63°23'4	—	18°43'0	—
34. Lundadrangur	63°23'5	—	19°07'6	—
35. Geirfuglasker	63°19'0	—	20°30'1	—
36. Einidrangur	63°27'4	—	20°37'2	—
37. Selvogur	63°49'1	—	21°39'4	—
38. Hópsnes	63°49'3	—	22°24'6	—
39. Eldeyjardrangur	63°43'8	—	22°59'6	—
40. Gáluvíkurtangi	64°44'9	—	23°55'3	—
41. Hraunvör	64°49'6	—	24°01'0	—
42. Skálasnagi	64°51'3	—	24°02'6	—
43. Bjargtangar	65°30'2	—	24°32'3	—



**Grunnlinustaðir**  
**Grunnlinur**  
**Fiskveiðitakmörk**

○ 1-51  
 - - - - -  
 ————  
 4 sjóm.  
 12 sjóm.

Sjómálingaðeild Vite- og hafnamálastofnunarinnar.

70	44. Kópanes .....	65°48'3 n.br., 24°06'3 v.lg.
30. júní	45. Barði .....	66°03'7 — 23°47'6 —
	46. Straumnes .....	66°25'7 — 23°08'5 —
	47. Kögur .....	66°28'3 — 22°55'8 —
	48. Horn .....	66°27'9 — 22°28'5 —

Auk þess skulu dregnar markalínur í kringum eftirfarandi staði 12 sjómílu frá þeim:

49. Kolbeinsey .....	67°07'5 n.br., 18°36'0 v.lg.
50. Hvalbakur .....	64°35'8 — 13°16'7 —
51. Geirfugladrangur .....	63°40'6 — 23°17'3 —

Loks skal dregin markalína í kringum Grímsey, 12 sjómílu frá yztu annesjum og skerjum hennar.

Hver sjómíla reiknast 1852 metrar.

#### 2. gr.

Í fiskveiðilandhelginni skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

#### 3. gr.

Íslenzkum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, skal heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, en þó utan þeirra fiskveiðitakmarka, sem ákveðin voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952.

Fyrir gildistöku þessarar reglugerðar skulu sett sérstök ákvæði um heimild þessa og þar tilgreint nánar um veiðisvæði og veiðitíma.

#### 4. gr.

Botnvörpuskip skulu hafa öll veiðarfæri í búlka innanborðs, þegar þau eru stödd á svæðum, sem þeim er óheimilt að veiða á.

#### 5. gr.

Aflaskýrslur skulu sendar Fiskifélagi Íslands á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 55 frá 27. júní 1941, um afla- og útgerðarskýrslur.

Nú telur sjávarútvegsmálaráðuneytið, að um ofveiði verði að ræða, og getur það þá takmarkað fjölda veiðiskipa og hámarksafla hvers einstaks skips.

#### 6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi með síðari breytingum, eða ef um er að ræða brot, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100 000.00.

#### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega friðun fiskimiða landgrunnnsins, sbr. lög nr. 81 8. desember 1952, og fellur með gildistöku hennar úr gildi reglugerð nr. 21 19. marz 1952, um verndun fiskimiða umhverfis Ísland.

#### 8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1958.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 30. júní 1958.*

**Lúðvík Jósepsson.**

*Gunnlaugur E. Briem.*